

Alþingi
Erindi nr. P/123/947
komudagur 10.2.'99



Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 1999

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á skaðabótalögum.

Í framhaldi af fundi, sem fulltrúi Lögmannafélags Íslands sótti hjá allsherjarnefnd fyrir í dag vegna framangreinds frumvarps, þykir laganefnd LMFÍ rétt að áréttta eftirfarandi:

1. Með hliðsjón af umsögn Sambands íslenskra tryggingafélaga um frumvarpið og athugasemdum þeirra Gestis Jónssonar og Guðmundar Jónssonar um umsögn SÍT virðist sem búið sé að taka á þeim atriðum, sem teljast til leiðréttingar á frumvarpinu.
2. Það er Alþingis, löggjafarvaldsins, að taka ákvarðanir um ýmis grundvallaratriði frumvarpsins, sem skiptar skoðanir kunna að vera um.
3. Frumvarpið felur almennt í sér réttarbót fyrir tjónþola án þess að séð verði að brotið sé gegn rétti tjónvalds.
4. Laganefnd ítrekar fyrri afstöðu sína og hvetur til þess að frumvarpið verði afgreitt á þessu þingi.

Virðingarfyllt
f.h. laganefndar LMFÍ


Marteinn Másson, framkv.stj.